



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 11. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudag. 19.01.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

Boðuð forföll: Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: PI

Helstu mál: Fundargerð s.f., bréf frá kvennaliðum ÍR, stigagjöf til keilara ársins, Íslandsmót einstaklinga og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá kvennaliðum ÍR:

Fjallað var um athugasemdir kvennaliða ÍR og PI mun svara fyrir hönd stjórnar.

3. Stigagjöf til keilara ársins:

Rætt var um uppsetninguna á skilgreiningu og stigagjöf. Gerð var smávægileg breyting og samþykkt. PI mun uppfæra og senda lokaútgáfu á stjórn áður en birt verður á heimasíðunni.

4. Íslandsmót einstaklinga:

Tekið fyrir erindi mótanefndar varðandi úrslit. Málið rætt og komist að niðurstöðu að spila á báðum brautum, en sá/sú sem efri væri ákveður á hvorri brautinni er byrjað og hver byrjar. Ekki skal bíða eftir að andstæðingurinn klári rammann. PI mun senda svar stjórnar á mótanefnd.

5. Önnur mál:

Fyrsta mál var styrkur til unglíngalandsliðsins vegna ferðar þess til Þýskalands. Var ákveðið að styrkja hvern keppenda um 70.000.

Næst var rætt var spurningu sem kom til stjórnar varðandi olíu í frestuðum leikjum. Stjórn var sammála um að sá olíubuður ætti að gilda sem hefði verið þegar leikurinn átti að fara fram.

Síðan var Nordic Youth Cup tekin fyrir. PMP áframsendi tilboð í gistingu sem HIJ hafði fengið. VG og PI gera uppkast að dagskrá og verðum sem síðan á að senda á norrænu samböndin til ýta á að fara ákveða með leikana.

PMP bar upp tillögu að fá Sport-TV til að vera með útsendingar á Íslandsmótum einstaklinga og jafnvel öðrum úrslitum. Skoða á málið nánar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 19:35 – næsti fundur fimmtudaginn 3. febrúar 2011.